

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 474/2017 um leyfi til að stunda farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist við ný 6. mgr., svohljóðandi:

Fyrirtæki sem stunda farþegaflutninga á vegum sem eru ekki stundaðir í ábataskyni eru undanþegin skilyrði 1. tl. 2. mgr. um fullnægjandi fjárhagsstöðu.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 og öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 23. maí 2024.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Aðalsteinn Þorsteinsson.*